

Mál nr. 207/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.****Ágreiningur um hvort lögmæltur frestur til að krefjast bóta hafi verið liðinn.****Gögn.**

100. Málskot, móttækið 30.5.2013, ásamt fylgigögnum.

101. Bréf X, dags. 21.6.2013.

Málsatvik.

Hinn 9.10.2010 féll M í fjallgöngu með þeim afleiðingum að hún hlaut brot á vinstri ökkla, eða "mjög langt spiralbrot á fibula sem var að mestu án tilfærslu nema ca. 8 cm ofan við ökklaðið var smá tilfærsla þar sem brotið endaði."

Hinn 19. s.m. leitaði M til bæklunarskurðlæknis sem taldi áverka og útlit á broti benda eindregið á rifin "dálkstrefjatengsl" við ökkla. Gekkt M undir aðgerð hjá læknum hinn 22. s.m. "þar sem lengdin á sperrileggnum var endursköpuð með því að festa efsta hluta brotsins með 2 skrúfum og dálkstrefjatengslin með 2 kengjum." Eftir aðgerðina gekk bati hægt, m.a. vegna verkja.

Við eftirlit hjá bæklunarskurðlæknum 8.2.2011 hafði M sleppt annarri hækjunni sem hún hafði notað og kvað verki minni en áður og oftast vera hækjulaus innandyr. Henni fannst dofatilfinning standa í stað í fæti, en hreyfing væri orðin miklu betri, m.a. var sögð ágætis virk hreyfing í ökkla þótt hreyfierið hafi enn verið skertur. Engin bólga hafi verið sjáanleg en M kvaðst bólga upp á ökkla. Hún hafi haltrað með eina hækju. Þá kvað M snertitilfinningu vera minnkaða í öllum tám, mest á stórutá, en ekki borið nein augljós merki um kraftleysi í „ökkla-távöðvum“.

M kom að nýju til eftirlits hjá læknum 28.7.2011. Hún kvartaði þá undan álagstengdum verkjum þegar hún gengi í ójöfnu eða hallandi landslagi. Hún kvaðst áfram bólga upp á ökkla og verða hölt seinni part dags. Enga sérstaka bólgu hafi verið að sjá, létt skerðing hafi verið á beygju („plantarflexio“) í ökkla en aðeins meira á réttu („dorsiflexio“), dreifð eymsli voru yfir sperrilegg en engin sérstök yfir dálkstrefjatengslunum. Röntgenmynd sýndi gróið brot. Kengirnir sem upprunalega festu „syndesmosuna“ höfðu báðir brotnað.

Í læknisvottorði, dags. 13.10.2011, kvað bæklunarskurðlæknirinn að afturbati hafi verið öðruvísi en hann hafi átt að venjast og venja sé í þessum tegundum áverka. M hafi glímt við verkjavandamál og dofavandamál sem hann geti ekki útskýrt út frá mögulegum taugaáverka né svokölluðu vöðvahólfa-einkenni („compartment syndrome“). Mat lækinnirinn það svo að þetta hafi helst líkst CRPS („complex regional pain syndrome“) sem lýsir sér sem verkjavandamál og skyntruflun án þess að ummerki séu um taugaskaða.

Í læknisvottorði heilsugæslulæknis, dags. 13.7.2011, segir að um erfitt brot hafi verið að ræða og bati hafi verið lítill hjá M.

Með tilkynningu M, dags. 17.4.2012, krafðist M bóta úr slysatryggingu launþega sem vinnuveitandi hennar hafði keypt hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem tilkynningin hafi borist þegar meira en eitt var liðið frá því að hún fékk vitneskju um þau atvik sem hún reisti kröfu sína á og hafi þar með glatað rétti sínum til bóta, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (vsl.).

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124 gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta úr slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til viðkomandi vátryggingafélags innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Svo sem fyrr greinir hlaut M slæmt brot á sperrilegg hinn 9.10.2010 með rofi á dálkstrefjatengslum við ökkla. Um erfitt brot var að ræða og einkenni voru talsverð vegna dofa og verkjaeinkenna. Afturbati var hægur. Í ljósi þessa og samkvæmt læknisfræðilegum gögnum málsins að öðru leyti verður að telja að ári áður en X var tilkynnt um slysið, eða 17.4.2011, hafi M vitað um þau atvik sem krafa hennar um bætur úr slysatryggingunni byggir á. Hún hafði því glatað rétti sínum um bætur úr vátryggingunni þegar tilkynnt var um slysið til X 17.4.2012. Tjónið er því ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 28. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.